

Eystrahorn

1. tbl. 40. árgangur

Fimmtudagurinn 6.janúar 2022

www.eystrahorn.is

Gamlárshlaup Hlaupahóps Hornafjarðar og Umf. Sindra



Það var myndarlegur hópur sem tók þátt í Gamlárshlaupinu

Á gamlársdag komu saman 34 galvaskir, litríkir hlauparar og kvöddu árið með góðum spretti um götur Hafnar. Hlaupahópur Hornarfjarðar og Umf Sindri sáu um viðburðinn og það verður að segjast að þeim tókst sérstaklega vel í skipulagningu á afar góðu vetrarveðri! Í boði var að hlaupa 3, 5 og 10 km (kílómetrarnir þrjú reyndust svo vera nær fjórum þegar á hólminn var komið). Búningabema var í hlaupinu og sjá mátti m.a. trúð, jólasveina og virðulega konu í upphlut. Flugeldar, keyptir með stuðningi frá Gröfuþjónustu Olgeirs, voru veitt í verðlaun fyrir flottustu búningana. Þorbjörg Gunnarsdóttir fékk verðlaun en hún mætti í afar fallegum upphlut og hljóp með barnabörnin sín. Helga Valgerður Friðriksdóttir og fjölskylda fengu verðlaun fyrir gott samræmi í búningum og Jóhann Hilmar Haraldsson fékk svo aukavinning fyrir að mæta í smekklefum jólakjól.

Fyrstu hlauparar (kk og kvk) í hverri vegalengd fengu konfekt í verðlaun frá Nettó. Í 3 km hlaupinu voru fyrst Hreiðar Bragi Valgeirsson og Helga Valgerður Friðriksdóttir, í 5 km hlaupinu Sveinn Rúnar Sveinsson og Guðrún Ása Jóhannsdóttir og í 10 km hlaupinu Stefán Viðar Sigtryggsson og Matthildur Ásmundardóttir. Nánari úrslit má finna hér: [facebook.com/hlaupahopurhornafjardar](https://www.facebook.com/hlaupahopurhornafjardar). Fimm veitingastaðir á Höfn; Pakkhúsið, Hafnarbúðin, Z-bistró, Íshúsið og Birkí, gáfu síðan gjafabréf sem dregin voru út í upphafi hlaups. Skipuleggjendur vilja þakka stuðningsaðilum kærlega fyrir öll verðlaunin. Fimm km hlaupið var þriðja hlaupið af sex í vetrarhlaupaseríu Hlaupahóps Hornafjarðar og Umf Sindra. Næsta 5 km hlaup fer fram 27. janúar. Þátttakendur og sjálfboðaliðar í Gamlárshlaupi 2021 fá að lokum kærar þakkir fyrir góðan og skemmtilegan hlaupadag.



Þorbjörg hlaut verðlaun fyrir að hlaupa í fallegum upphlut og Helga Valgerður og fjölskylda fengu verðlaun fyrir gott samræmi í búningum



Helga Árnadóttir afhendir Jóhanni Hilmar aukavinning fyrir smekklefan jólakjól

Stundatafla Hornhússins 2022

Fjölbreyttir jóгатímar fyrir alla á HAFINU (Heppuvegur 5, Höfn)



2022

Tími	Mánudagur	Fimmtudagur
17:00 – 18:10	Jóga Opinn tími fyrir alla	Jóga Opinn tími fyrir alla
18:20 – 19:30	Karlajóga Eingöngu fyrir strákana	Karlajóga Eingöngu fyrir strákana

Tímarnir hefjast fimmtudaginn 6. janúar 2022
Skráning og nánari upplýsingar á hornhusid@gmail.com

Verið hjartanlega velkomin
Hulda Laxdal Hauksdóttir, Kripalujóga- og núvitundarkennari



Bifreiðaskoðun á Höfn
10., 11. og 12. janúar.

Tímamantanir í síma 570-9090
fyrir kl. 16:00 föstudaginn 7. janúar.
Næsta skoðun 14., 15. og 16. febrúar.

Frumherji

Pegar vel er skoðað

HEFUR ÞÚ HLUSTAÐ Á HLAÐVARP EYSTRAHORNS ?

Hlustaðu á þættina á
www.eystrahorn.is/hladvarp
eða á Spotify



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933
Útgefandi:..... HLS ehf.
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson
Netfang:tjorvi@eystrahorn.is
Prófarkalestur.... Guðlaug Hestnes
Umbrot: Tjörvi Óskarsson
Prentun: Litlaprent
ISSN 1670-4126

Eystrahorn

Styrktaráskrift

Viltu styðja við útgáfu
Eystrahorns ?
Kynntu þér málið á:

[www.eystrahorn.is/
styrktaraskrift/](http://www.eystrahorn.is/styrktaraskrift/)

Laus störf í Ajtel

Ajtel Iceland niðursuðu-fyrirtæki, staðsett í Óslandi á Höfn, leitar að nýju starfsfólki í 100% vinnu í þökkun og færivandsvinnu fyrir komandi vertíð.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Þökkun dósna á bretti
- Snyrting á lifur við færivand

Umsækjandi má byrja sem fyrst og verður ráðinn tímabundið fram að 1. maí 2022. Í framhaldi af því væri möguleiki á framtíðarstarfi ef samstarf gengur vel.

Job opportunities in Ajtel

Ajtel Iceland, a canned cod liver manufacturer located in Höfn, is looking for new employees to work full time in packaging and working on production lines for the next fishing season.

The job includes:

- Packing cans ready for export on pallets
- Trimming liver on production lines

People who apply can start as soon as possible and would be hired temporarily until at least the 1st of May 2022. Subsequently the employer could be hired for long-term employment if they meet our expectations.



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Förgun jólatrjáa

Íbúar eru beðnir um að fara með jólatré á þar til gerðan stað en ekki skilja þau eftir við lóðarmörk.

Gámur ætlaður fyrir jólatré sem hafa þjónað tilgangi sínum í stofum fólks yfir hátíðarnar verður staðsettur fyrir utan áhaldahúsið við Álaleiru 2 næstu vikuna.

Íbúar eru hvattir til að nýta sér þjónustuna en trén munu enda lífdaga sína við að gleðja geitur í næsta nágrenni.

Verkefnastjóri umhverfismála



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Áramótapistill bæjarstjóra



Ég óska ykkur öllum gleðilegs nýárs með þökk fyrir árið sem nú er liðið um leið og ég óska ykkur hamingju og velfarnaðar á árinu 2022.

Það er vaninn að líta yfir farinn veg á þessum tímamótum. Í pistli mínum fyrir ári síðan var Covid ofarlega í huga flestra, má segja að þetta ár hafi endað með hvelli hvað Covid varðar með hæstu smittölum sem hafa sést hér á landi og einnig hér í okkar sveitarfélagi. Við áttum líklega flest von á því í sumar þegar öllu var aflikt að nú værum við laus við þennan fjanda! Svo var nú því miður ekki og verðum við líklega að læra að lifa með þessari veiru en vonum að Omikron afbrigðið sé upphafið af endalokum faraldursins og að þetta verði orðin eins og hver önnur kvefpest fyrr en varir.

Framkvæmdir og uppbyggingarverkefni í sveitarfélaginu

Sveitarfélagið var með háleit markmið í framkvæmdum fyrir árið og var stærsta og umfangsmesta framkvæmdin endurbætur á aðalgötunni okkar, Hafnarbrautinni, sem tókustafarvelþrátt fyrir ýmsar hindranir. Aðrar framkvæmdir voru endurbætur á Víkurbraut 24 sem nú hýsir alla velferðarþjónustu sveitarfélagsins. Starfsemin flutti öll þangað s.l. haust og er nú loks öll undir sama þakinu eftir að hafa verið dreifð um þéttbýlið til fjölda ára. Velferðarþjónustan hefur verið að styrkjast á síðustu árum með aukinni áherslu á virkniþjónustu við alla þjónustuhópa ásamt því að ný verkefni hafa færst yfir til málaflokksins s.s. dagdvöl aldraðra í Ekru og þjónusta við íbúa sem áður dvöldu á dvalarheimilinu í Mjallhvít. Nú býður sveitarfélagið upp á líkamsrækt fyrir 60 ára og eldri í Sporthöllinni í fyrsta sinn og er mikil ánægja með tímana. Stuðningur við félagsstarf aldraðra hefur verið aukinn ásamt því að ýmis virkniúræði eru nú í boði fyrir þjónustuþega á öllum aldri.

Framkvæmdir standa nú sem hæst á Hrollaugsstöðum þar sem 5 nýjar leiguíbúðir munu verða teknar í notkun í

lok febrúar. Vatnajökulsþjóðgarður tók þátt í framkvæmdakostnaði með fyrirframgreiddri leigu á þremur íbúðum fyrir starfsfólk og eru nú tvær íbúðir auglýstar til leigu á almennum markaði. Með framkvæmdinni er húsið nú komið í betri nýtingu og á sama tíma er verið að svara ákalli um leiguíbúðir í dreifbýlinu. Á undanförunum árum hafa félagsheimilin fengið töluverða upplifingu með endurbótum bæði í Holti og á Hrollaugsstöðum. Nú í janúar er svo áformað að bjóða út endurbætur í Hofgarði þar sem stendur til að opna á milli leik- og grunnskóla og samhliða fara í endurbætur á salernum.

Mikligarður hefur fengið viðhald á þaki ásamt því að unnið er að hönnun vegna fyrirhugaðra endurbóta innanhúss. Áformað er að sinna endurbótum á Miklagarði í smáum skrefum á næstu árum með það að markmiði að húsnæðið verði nýtt sem byggðasafn fyrir sveitarfélagið og einnig undir atvinnustarfsemi.

Mikil hreyfing hefur verið á fasteignamarkaðnum að undanförunum og aðeins þrjár eignir til sölu í þéttbýlinu á Höfn. Lóðaframboð er nú af skornum skammti og aðeins þrjár lóðir lausar til úthlutunar í þéttbýlinu við Dalbraut. Unnið er að því að fjölga lóðum til að anna eftirspurn, slíkt er þó ansi tímafrekt en mikil áhersla er á að vinna það hratt og örugglega. Það er ljóst að það ríkir bjartsýni og áhugi á því að búa í Sveitarfélaginu Hornafirði en einnig er mikil eftirspurn eftir leiguíbúðum í dreifbýlinu. Er því unnið að deiliskipulagningu íbúabygðar við Hrollaugsstaði og í Borgartúni, Örafum og eru aðeins þrjár lausar lóðir. Atvinnuleysi mældist töluvert framan af árinu 2021 en í sumar og haust dró mjög úr atvinnuleysi og kvarta atvinnurekendur nú yfir því að erfiðlega gangi að fá fólk til vinnu.

Starfsemi sveitarfélagsins

Árið hefur verið ansi krefjandi á starfsstöðvum stofnana sveitarfélagsins. Mikið hefur mætt á leik- og grunnskólum í tengslum við faraldurinn. Hér höfum við sloppið ótrúlega vel hvað varðar útbreiðslu veirunnar, í það minnsta fram til þessa og



vonandi verður svo áfram. Þegar upp hafa komið smit í samfélaginu hefur gengið vel að halda smitunum einangruðum þannig að þau hafa ekki laumað sér inn í skólaskóla. Í grunnskólanum var skipt um stjórnanda þegar Þórgunnur Torfadóttir tók við starfi sviðsstjóra fræðslu- og frístundasviðs en í stað hennar fengum við brottfluttan Hornfirðing, Þórdísi Sævarsdóttur til að taka við keflinu. Skólaskólafræðingur hefur gengið ótrúlega vel og fengum við íbúar að njóta þess að horfa á árhátið skólans í íþróttasalnum aftur eftir árs pásu, ótrúlega vel heppnuð Lion King sýning. Skipt var um skólastjórnanda í Grunnskólanum í Hofgarði þegar Brynja Kristjánsdóttir lét af störfum og tók Hafdis Roysdóttir við af henni en hún hefur lengi starfað við skólann.

Leikskólaskólafræðingur hefur sömuleiðis gengið afar vel þrátt fyrir faraldurinn. Vel hefur gengið að manna leikskólann undanförunum en þar starfa 46 manns. Erfiðlega hefur gengið að fá leikskólakennara til starfa en sveitarfélagið hefur stutt vel við þá sem vilja stunda nám í leikskólafræðum sem hefur skilað nokkrum útskrifuðum leikskólakennurum í skólann. Í haust var tekin í notkun ný leikskóladeild fyrir ungarbörn í Selinu við Víkurbraut 24 til að anna brýnni eftirspurn. Fræðslu- og tómsundaneftir er nú með það til skoðunar hvernig húsnæðismálum leikskólans verður háttáð á næstu árum þar sem leikskólinn

..framhald af bls. 3

Sjónarhóll er nú fullsetinn og með lengingu fæðingarorlofs til 12 mánaða verður aukin krafa á að börn geti hafið leikskólavist strax að því loknu.

Samfélagsumræða

Samfélagið okkar samanstendur af íbúum sem búa í því. Það hvernig samfélag við viljum byggja upp er algjörlega undir okkur sjálfum komið. Nú þegar nokkrir mánuðir eru eftir af þessu kjörtímabili finnst mér ástæða til að horfa í baksýnispegilinn. Það sem stendur upp úr í starfi mínu eru frábærir samstarfsfélagar bæði starfsmenn sveitarfélagsins og kjörnir fulltrúar. Samstarfið í bæjarstjórn hefur verið mjög gott allt kjörtímabilið og í þyngstu málnum hefur ríkt einhugur um ákvarðanir. Það er ekki sjálfgefið að svo sé og met ég það mikils. Starfsmenn sveitarfélagsins eru 200 talsins en það eru þeir sem halda sveitarfélaginu gangandi, halda uppi skólasterfi og velferðarþjónustu, halda götum og veitukerfum gangandi og þjónusta höfnina okkar svo eitthvað sé nefnt. Þessar grunnstöðir eru grundvöllur þess að sveitarfélagið geti vaxið og dafnað með öflugu atvinnulífi. Starfsmenn sveitarfélagsins eiga mikla þökk skilið fyrir þeirra óeigingjarna starf og ekki síst á tímum þegar áskoranir eru krefjandi vegna utanaðkomandi aðstæðna. Ég vil nota tækifærið og þakka öllu mínu samstarfsfólki fyrir frábært samstarf undanfarin ár. Einnig vil ég þakka íbúum fyrir gott samstarf og þakka þá hvatningu og stuðning sem ég hef fengið. Síðasta árið hefur verið mjög krefjandi fyrir mig persónulega en ég kys að líta á það sem áskoranir sem ég tekst á af yfirvegum og jákvæðni. Sveitarfélagið Hornafjörður er vaxandi samfélag sem hefur alla burði til að vaxa enn frekar, samþykkt hefur verið stefna til næstu ára fyrir sveitarfélagið þar sem grunnildin virðing, framsækni og samvinna eru höfð að leiðarljósi. Það er við hæfi að enda áramótapistil minn á þessum orðum um leið og ég þakka fyrir samstarfið á árinu.

Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri

Fimmta skrefið komið í FAS

Í desember síðastliðnum var komið að lokaúttekt á Grænum skrefum í FAS. Það er skemmst frá því að segja að úttektin gekk vel og FAS hefur nú lokið öllum skrefunum fimm.



Einn liður í Grænum skrefum er hjólavottun þar sem fólk er hvatt til að nýta umhverfisvænni samgöngumáta. Það er Hjólavottun sem er félag hjólreiðamanna sem stendur fyrir vottuninni og hvetur með því stofnanir og vinnustaði til að bæta aðbúnað fyrir starfsfólk svo það velji frekar umhverfisvænni og heilbrigðari ferðamáta í sínu daglega lífi. Nú hafa Nýheimar og sveitarfélagið tekið höndum saman til að bæta aðstöðu fyrir hjólreiðafólk. Það hefur verið ákveðið að setja upp hjólaskýli við Nýheima sem nýtist bæði íbúum Nýheima og starfsfólki í ráðhúsinu. Stefnt er að því að setja skýlið upp á þessu ári. Hjá Hjólavottuninni er hægt að fá; brons-, silfur-, gull- eða platinuvottun eftir því hvað stofnunin uppfyllir mörg skilyrði. FAS hefur nú þegar fengið silfurvottun og stefnir á gullvottun með nýju hjólaskýli og hækkanði sól. Að sjálfsgöðu stefnir FAS að platinuvottun í náinni framtíð.

Þá má í lokin nefna að skólinn hefur gert samgöngusamning við þá sem koma gangandi eða hjólandi til vinnu. Þeir sem gerðu slíkan samning við skólann á haustönninni fengu þau styrk fyrir þetta skólaár. Vonandi verður framhald á samgöngusamningum því hann er sannarlega hvatning, bæði til að hreyfa sig meira og um leið að minnka kolefnissporið.



Íbúðir til leigu – Hrollaugstaðir, Suðursveit!

Sveitarfélagið Hornafjörður auglýsir tvær íbúðir til leigu í Hrollaugsstöðum. Annars vegar er 71 fm íbúð á tveimur hæðum, 2 svefnherbergi, hins vegar 59 fm íbúð á einni hæð, 2 svefnherbergi. Íbúðirnar eru nýuppgerðar.

Áhugasamir sendið á afgreidsla@hornafjordur.is fyrir **14. janúar n.k.** eða hringið í síma 470 8000.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Flugeldarusl

Mikilvægt er að íbúar og aðrir hreinsi upp eigið flugeldarusl eftir áramótin sem allra fyrst.

Að gefnu tilefni er vert að minna íbúa á ábyrgð sína gagnvart flugeldarusli sem það er valdur að. Flugeldarusl er ekki endurvinnsluefni og skal skilað í gámaportið þar sem sérstök söfnun á því fer fram.

Ekki þarf að framvísa klippikorti við förgun flugeldarusls.

Það er öllum til heilla að hreinsa ruslið upp eftir sig sem fyrst áður en það frýs eða fýkur út á haf.

Gleðilegt nýtt ár!

Verkefnastjóri umhverfismála



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



PYLSA

& COKE Í DÓS

HOT DOG & A CAN
OF COCA COLA

499 kr.



GRILLUÐ SAMLOKA MÁLTÍÐ

GRILLED SANDWICH
MEAL

1.299 kr.

*0,5 lítri af gosi frá CCEP fylgir með
Tilboð gildir út janúar 2022

N1 Höfn



Nestlé

Aðgengi að Fjánhúsavík takmarkað

Eins og flestum er sjálfsagt kunnugt var lokað á aðgengi að Fjánhúsavík í fyrrahaust vegna slæmrar umgengni. Eftir að svæðið var opnað á ný hafa íbúar almennt gengið nokkuð vel um. Aðkoman um daginn olli því töluverðum vonbrigðum og gefur tilefni til að endurskoða aðgengi að svæðinu.

Fjánhúsavík er eingöngu ætluð fyrir losun á garðaúrgangi frá íbúum sveitarfélagsins s.s. trjágreinum, grasi, illgresi og sambærilegum úrgangi. Annarskonar úrgangur á ekki heima í Fjánhúsavík heldur í gámaportinu á Höfn. Þetta á til dæmis við um múrbrot, postulín, flísar, timbur og vörubretti svo eitthvað sé nefnt.

Þá eru ruslapokar úr plasti ekki garðaúrgangur. Ruslapoka ber að tæma og ýmist setja í grænu endurvinnslutunnuna á



svæðinu eða taka með sér heim og endurnýta.

Í ljósi aðstæðna þykir rétt að takmarka aðgengi að Fjánhúsavík. Þurfi íbúar að losa sig við garðaúrgang má hafa samband við Áhaldahúsið á opnunartíma

(virka daga kl. 8-16) í síma: 470-8027. Þessi ákvörðun verður endurskoðuð fyrir næsta sumar.

Að lokum er vert að minnast á að losunarstaðir fyrir úrgang eru takmörkuð auðlind. Hugsum þegar við

hendum og förum vel með bæjarlandið. Hjálpumst að og minnum hvert annað á umgengnisreglurnar.

Verkefnastjóri umhverfismála

EFLUM HRINGRÁSARHAGKERFI Á HORNAFIRÐI

HEFUR ÞÚ BRENNANDI ÁHUGA Á UMHVERFISMÁLUM OG LANGAR AÐ KOMA ÞÍNUM HUGMYNDUM Á FRAMFÆRI?

Sveitarfélagið Hornafjörður í samstarfi við Nýheima þekkingasetur, SASS og Vöruhúsið hefur farið af stað með verkefni sem ætlað er að efla hringrásarhagkerfi á Hornafirði.

Verkefnið er styrkt af Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.

Óskað er eftir áhugasömum einstaklingum til þess að mynda aðgerðarhóp sem mun þróa og vinna verkefni tengd umhverfismálum á Hornafirði.



Frekari upplýsingar veitir Rannveig Rögn rannveigenyheimar.is



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

HEILSUEFLANDI SAMFELAG
Sveitarfélagið Hornafjörður
væðtan fyrir alla

Klippikort í gámaport 2022

Klippikort ársins 2022 eru tilbúin til afhendingar í afgreiðslu ráðhúss sveitarfélagsins.

Eitt 4 m³ klippikort fylgir hverju fasteignagjaldi íbúðarhúsnæðis en eitt 1 m³ klippikort fylgir sorpeyðingargjaldi sumar- eða frístundahúsnæðis.

Þetta á þó ekki við um sumarhúsaeigendur í Stafafellsfjöllum en þar verður sorpþjónusta í boði yfir sumartímamann.

Klippikortin fást ekki bætt ef þau glatast en hægt er að kaupa auka kort í ráðhúsi sveitarfélagsins.

Verkefnastjóri umhverfismála



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjorður.is



Sveitarfélagið HORNAFJÖRÐUR

Sorphirða 2022

janúar						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
24	25	26	27	28	29	
30	31					

febrúar						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28					

mars						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
21	22	23	24	25	26	
27	28	29	30	31		

apríl						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
					1	2
4	5	6	7	8	9	
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30

maí						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31				

júní						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
			1	2	3	4
6	7	8	9	10	11	
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30		

júlí						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						

ágúst						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30	31			

september						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	

október						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	31					

nóvember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
		1	2	3	4	5
7	8	9	10	11	12	
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30			

desember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31

- Hreinsi vika 4-8 Apríl
- Spilliefna vika dreifbýli
- Heyrúlluplast

- Græna tunnann Péttbýli Höfn
- Gráa tunnann Péttbýli Höfn
- Brúna og Gráa tunnann Péttbýli Höfn
- Brúna og Græna tunnann Péttbýli Höfn

- Gráa tunnann Dreifbýli Höfn
- Græna tunnann Dreifbýli Höfn

Klippir auglýsinguna út til að hefja við hendina

Bókaðu flugsið á ernir.is

Lækkað verð nettilboða
og barnafargjalda

GILDIR TIL 10. JANÚAR

Höfn í Hornafirði - Reykjavík

	Mán	Pri	Mið	Fim	Fös	Lau	Sun	Brottför	Lending
Frá Reykjavík	•		•		•			08:55	09:50
				•				13:20	14:15
							•	14:00	14:55
					•			16:35	17:30
	•		•					17:30	18:25
Frá Höfn í Hornafirði	•		•		•			10:10	11:10
				•				14:40	15:40
							•	15:15	16:15
					•			17:55	18:55
	•		•					18:45	19:45

